

Sjálfsmat



leikskólans Birkilundar

veturinn 2021-2022

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	3
Inngangur	5
Leikskólinn Birkilundur	5
Starfsfólk.....	5
Nemendur	6
Húsnæði.....	6
Áhersluþættir í starfi leikskólans.....	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	7
Sjálfsmatsteymi	9
Sjálfsmat skólaárið 2021-2022	9
Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i>	10
Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat.....	10
Mat á gæðagreini 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	10
Mat á gæðagreini 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat.....	10
Mat á gæðagreini 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	11
Mat á gæðagreini 1.2 Forysta í skólastarfi	11
Mat nemenda á skólastarfi.....	11
Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022	12
Eftirfylgni/Endurmat umbótaáætlunar	16
Mat á starfsáætlun 2021-2022.....	16
SMT – Set listinn	18
Skólapúlsinn.....	18
Skólapúlsinn starfsmenn	19
Starfið	19
Starfsmenn	20
Vinnustaðurinn	20
Stjórnun	21
Uppeldi og menntun.....	22
Símenntun og undirbúningstími.....	23
Ytra mat, umbótaáætlun	23
Áætlun um sjálfsmat 2021-2024	28
Viðauki 1 Einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i>	29

Meginniðurstöður

Leikskólastjóri og deildarstjórar skipa sjálfsmatsteymi leikskólans og sjá um að velja gæðaviðmið fyrir sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum. Farið var í matið á starfsmannafundum í október, nóvember og apríl og á starfsdegi í júní.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Alls voru lagðir fyrir fimm gæðagreinar til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar og veikleikar í hverjum gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur er umbótaáætlun birt í sér kafla í skýrslunni.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf:

Matsfundur 12. okt.	Einkunnagjöf
gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	4, 5, 5
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	5, 4, 5

Matsfundur 5. apríl.	Einkunnagjöf
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	3, 4, 4
gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5, 4, 4

Matsfundur 7. júní	Einkunnagjöf
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi	4, 4, 4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni

Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Einkunn 6 - *framúrskarandi*

Einkunn 5 - *mjög gott*

Einkunn 4 - *gott*

Einkunn 3 - *fullnægjandi*

Einkunn 2 - *slakt*

Einkunn 1 - *ófullnægjandi*

Helstu niðurstöður innra matsins eru að gott samstarf er við foreldra. Tengsl við sérfræðipjónustu hefur batnað og talmeinafræðingur kemur reglulega og veitir ráðgjöf. Markvisst er unnið að því að efla þroska og færni barnanna. Allir kennarar taka þátt í innra mati. Margir þættir símenntunar eru komnir í rútínu og starfsfólk fær hvatningu og tækifæri til að sækja námskeið. Notaður er opinn efniviður og börnin fá að tjá skoðanir sínar. Kynna þarf viðtalstíma deildarstjóra betur fyrir foreldrum og enn mætti bæta aðgengi að sérfræðingum. Fjölga þarf deildarfundum eða lengja tímamann í hvert sinn. Kynna þarf SMT betur fyrir nýju starfsfólki og starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að miðla fróðleik sem þeir fá á námskeiðum. Bæta þarf aðstöðu fyrir sérkennslu. Vinna þarf innra matið reglulega og hafa þróunaráætlun virka. Auka þarf samskipti við foreldra. Auka þarf áhrif barnanna á leik og starf. Set listi var ekki lagður fyrir þetta skólaár.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars. Í könnunum Skólapúlsins er hægt er að skoða stöðu leikskólans í einstökum þáttum í samanburði við leikskóla á landsvísu svo og þróunina á milli ára innan skólans. Svarhlutfall var 93,3% en samtals svöruðu 14 starfsmenn könnuninni. Helstu niðurstöður sýna að flestu starfsfólki í Birkilundi finnst starfið sitt mikilvægt og er ánægt með gæði og afköst sinnar vinnu. Flestum finnst starfsandinn afslappaður og þægilegur. Öllum finnst þeir fá stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki. Ekkert einelti mælist á vinnustaðnum. Allir telja að næsti yfirmaður meti oftast vinnuframlag þeirra að verðleikum. Ánægja með stuðning við börn með sérþarfir hefur aukist frá síðustu könnun. Allir hafa farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12 mánuðum. Hins vegar eru flestir óánægðir með vinnuaðstöðuna og hefðu viljað meiri endurmenntun.

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Birkilundi er lögð áhersla á að meta alla þætti skólustarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Leikskólinn Birkilundur

Starfsfólk

Leikskólastjóri er Steinunn Arnljótsdóttir sem er í 100% starfshlutfalli. Deildarstjórar eru þrír, Sigurbjörg Egilsdóttir á Könglalandi í 100% starfi, Sigríður Helgadóttir á Kvistalandi í 100% stafi og Guðbjörg Sigfúsdóttir á Reynilandi í 94,75% starfi. Sigríður er jafnframt staðgengill leikskólastjóra. Í nóvember 2021 voru 16 starfsmenn í 13,88 stöðugildum. Frá 1. mars voru stöðugildi aukin um 1,155 vegna stækkunar húsnæðis og fjölgunar barna í kjölfarið á því. Til viðbótar við þetta hafði leikskólinn aðgang að þremur afleysingastarfsmönnum en Covid-19 dró þó úr framlagi þeirra.

Starfsheiti og stöðugildi 1. desember

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	100
Deildarstjóri/leikskólakennari	6	522,5
Leikskólaliði	6	505,5
Leiðbeinandi	1	100
Ræsting/afleysing	1	39,8/48,9
Matráður	1	71,7
Samtals	16	13,88 stöðugildi

Nemendur

Fyrsta desember voru 36 nemendur í leikskólanum en í lok mars voru þeir orðnir 41. Eitt barn fætt 2018 hafði hætt 30. nóvember og í lok desember hættu tvö börn, annað fætt 2018 og hitt 2020. Þrjú börn fædd 2020 bættust við í janúar. Eftir að leikskólinn fékk viðbótarrými í mars bættust við tvö börn fædd 2020 og tvö börn fædd 2021. Þá voru komin inn öll börn sem óskað var eftir plássi fyrir á þeim tíma.

Nemendafjöldi 1. desember eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2016	5
2017	7
2018	10
2019	6
2020	8
Samtals	36

Húsnæði

Leikskólinn Birkilundur hefur 3 hús til afnota. Í Furulundi 3 eru tvær deildir, Könglaland og Kvistaland. Þriðja deildin er Reyniland, sem er til húsa í fyrrum pósthúsi Varmahlíðar. Í mars bættist við það húsnæði rými í suðurenda hússins þar sem áður hafði verið banki. Furulundur 5 er nýttur af og til fyrir fundi, foreldraviðtöl eða barnahóp. Í október 2017 kom Vinnueftirlit ríkisins í reglubundna skoðun á leikskólanum. Gerðar voru fjórar athugasemdir. Búið er að bæta úr tveimur þeirra, þ.e. setja upp læsanleg munahólf fyrir starfsfólk og bæta loftræstingu í þvottahúsi. Athugasemd um að skrifstofa leikskólastjóra væri of lítil var felld niður þar sem skrifstofan nær lágmarksstærð, eða 7 fm. Þó eftir sem áður sé þar ekki rými fyrir skrifborð í fullri stærð eða að viðunandi aðstaða sé til að taka á móti fleiri en einum gesti í einu. Eftir stendur athugasemd Vinnueftirlits um óviðunandi undirbúningsaðstöðu starfsfólks. Bæta þarf aðstöðu þar til fundin hefur verið framtíðar lausn á húsnæðisvanda leikskólans og hún komin til framkævmda. Með auknu rými á Reynilandi hefur undirbúningsaðstaða starfsfólks þar batnað til muna.

Eldhúsið í Birkilundi er of lítið til þess að þar sé hægt að starfrækja mötuneyti fyrir 50 manns. Frá hausti 2011 hefur leikskólinn fengið hádegismat úr mötuneyti Varmahlíðarskóla. Eldað er

Í Birkilundi yfir vetrartímann þá daga sem ekki er eldað í mótuneytinu. Í fyrsta sinn sá matráður Varmahlíðarskóla um að elda fyrir leikskólann í júní svo ekki þurfti að ráða sérstaklega inn starfsmann til þess eins og gert hefur verið síðustu sumur. Eftir því sem börnum fjölgar verður þó erfiðara að elda fyrir alla í þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi í leikskólanum.

Áhersluþættir í starfi leikskólans

Markmið Birkilundar eru eftirfarandi:

- Að veita börnunum tækifæri til þess að læra og þroskast í gegn um leik.
- Að efla félagslega færni barna.
- Að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna.
- Að efla málþroska barna.
- Að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfstæði barna.
- Að kenna börnum að virða náttúruna og njóta hennar.

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og nýtt verkfæri eins og SMT, Stig af stigi, Leikur að læra, Tákn með tali, Læsi í leikskóla og könnunarleik.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Leikskólinn Birkilundur hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* til að meta innra starf skólans með reglubundnum hætti. Sjálfsmatskerfið er skoskt að uppruna og heitir á frummálinu *How good is our early learning and childcare?* Fræðsluþjónusta Skagafjarðar þýddi og gaf út efnið í ágúst 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, og byggir á sömu hugmyndafræði.

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

- 1. Forysta og stjórnun**
- 2. Námskilyrði**
- 3. Velgengni og árangur**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er leikskólinn okkar?*** byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat nánar síðar í skýrslu.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fimm skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. **Eftirfylgni umbóta**.

Sjálfsmatsteymi

Deildarstjórar og leikskólastjóri skipa sjálfsmatsteymi skólans.

Sjálfsmatsteymið fer yfir umbótaáætlun, uppfærir og endurmetur. Teymið velur þau gæðaviðmið sem lögð eru fyrir hverju sinni.

Sjálfsmat skólaárið 2021-2022

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2021-2022:

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu <i>Hversu góður er leikskólinn okkar?</i>
gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna

gg. 1.2 Forysta í skólastarfi

Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?*

Matsfundur 12. okt.	Einkunnagjöf
gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	4, 5, 5
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	5, 4, 5

Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar okkar eru að við notum hvatningu og hrós. Starfsfólk er duglegt að sækja námskeið og upplýsa hvert annað til að bæta námsárangur barna. Starfsmenn eru sáttari við SMT eftir að reglum var fækkað og hætt var að safna teygjum. Það sem hamlar okkur er skortur á tíma til að vinna verkin. Það vantar fleiri námskeið fyrir allan hópinn. Kennarar þyrftu að fylgjast betur með leiknum og nýta tækifærin sem gefast í dagsins önn til náms og kennslu.

Mat á gæðagreini 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar okkar eru góð samskipti við foreldra, hverju barni er mætt þar sem það er statt í þroska og aðgangur að sérfræðingum hefur batnað. Það sem þyrfti að bæta er að kynna viðtalstíma deildarstjóra betur fyrir foreldrum, auglýsa betur þær boðleiðir sem við ætlumst til að foreldrar noti og stytta þarf bið eftir greiningum sérfræðinga. Samskipti við foreldra hafa verið í lágmarki undan farin ár vegna Covid-19 og þarf að bæta úr því.

Matsfundur 5. apríl.	Einkunnagjöf
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	3, 4, 4
gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5, 4, 4

Mat á gæðagreini 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar okkar eru að allir kennarar taka þátt í innra mati og hóparnir eru ekki of stórir. Það sem hamlar okkur er að innra matið situr oft á hakanum vegna tímaskorts og þróunaráætlun er ekki nógu virk. Þröngt húsnæði hamlar úrbótum.

Mat á gæðagreini 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar okkar eru að þroski barnanna er metinn reglulega og málörvun er vel sinnt. Við nýtum okkur sérfræðinga, höfum metnað og miklar væntingar til barnanna og notum viðurkenndar aðferðir við að meta árangur. Það sem hamlar er þröngt húsnæði þar sem vantar aðstöðu fyrir sérkennslu. Auka mætti vinnu með tölur og talnaskilning. Meiri tíma þyrfti fyrir deildafundi svo hægt sé að ræða reglulega um hvert og eitt barn. Það vantar sérkennara sem hefur þekkingu, yfirsýn og utanumhald.

Matsfundur 7. júní	Einkunnagjöf
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi	4, 4, 4

Mat á gæðagreini 1.2 Forysta í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar okkar eru að margir þættir símenntunar eru komnir inn í rútínu. Starfsfólk fær hvatningu og tækifæri til að sækja námskeið. Sérfræðingar hafa komið á starfsdögum. Börnin fá tækifæri til að leika sér með skapandi efnivið, t.d. trékubba, leir, skyrdollur o.fl. Þau hafa fengið meira val og fá að tjá skoðanir sínar og óskir. Til að bæta árangur þyrfti starfsfólk að vera jákvæðara og duglegra að nýta tækifæri til símenntunar og hvetja hvert annað. Gera þarf ráð fyrir afleysingu vegna námskeiða. Auka þarf lýðræði barnanna svo þau hafi meiri áhrif á sitt nám.

Mat nemenda á skólastarfi

Ekkert formlegt mat var gert með börnum á þessu skólaári.

Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hven ær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða máls
Starfsmenn komi sínum sjónarmiðum á framfæri og ræði um samskiptin sín. (5.5)	Allt starfsfólk	Alltaf í gangi	Hafa samskiptaumræðu fastan lið á starfsmannafundum, bæði þegar þarf að bæta eitthvað en líka þegar allt er í góðu lagi og gengur vel.	Ræða á starfsmannafundi á hverju hausti	Rætt 11.1. 2022 um virðingu og jákvæðni
1.2.D.Veita starfsfólki meiri hvatningu til þess að sækja námskeið.			Hvetja og styðja fólk til þess að sækja áhugaverð námskeið. Erfitt getur verið fyrir starfsmann að leggja út fyrir kostnaði sem hann fær ekki endurgreiddan fyrr en síðar og mögulega gæti Sveitarfélagið brúað það bil til að gera fólki auðveldara fyrir. Starfsfólk láti vita ef það hefur áhuga á námskeiði.	Ræða á starfsmannafundi á hverju hausti	Gefinn var tími á fundum til að kynna efni námskeiða
2.3.A. Fá fleiri sameiginleg námskeið. 1.2.D. Hafa fleiri námskeið fyrir allan hópinn.	Leikskóla stjóri	Alltaf í gangi	Nýta starfsdaga og starfsmannafundi. Hafa a.m.k. eitt sameiginlegt námskeið fyrir utan fræðsludag og haustþingsd	Gera samantekt í lok hvers skólaárs	Líkamsbeyting 12.10 og Covid þreyta 15.3.
2.3.A. Kennarar þurfa tíma til að samræma sig í SMT	Leikskóla-stjóri	Alltaf í gangi	Auka vægi SMT í glærुकynningu í upphafi skólaárs og vinna nánar með afmarkað efni, t.d. á starfsmannafundi – taka dæmi, nota hlutverkaleikinn, ræða hvernig við bregðumst við tiltekinni hegðun	Ræða í tengslum við SET lista í janúar	SET listi var ekki lagður fyrir
Gefa tíma í það að þeir starfsmenn sem kunna til verka á ákv. sviði geti miðlað af þekkingu sinni til annarra. (5.5)	Allt starfsfólk	Haust 2017	Fá fram óskir um það sem fólk vill læra og hverju fólk er tilbúið að miðla.	Ræða á starfsmannafundi á hverju hausti	Starfsfólk miðlaði upplýsingum frá námskeiðum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hven ær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða máls
2.6. Gefa kennurum hveðrar deildar tækifæri til þess að ræða um börnin á deildinni.			Hafa deildafundi oftast en á 4 vikna fresti eða hafa þá lengri í hvert sinn.	Gera samantekt í lok skólaárs	Fundir voru á 3-4 vikna fresti, nema í mars frestuðust þeir um 2 vikur vegna Covid-19
1.4.1 Bæta upplýsingaflæði milli starfsstöðva	Allt starfsfólk	Alltaf í gangi	Láta tilkynningar um veikindi og fjarvistir berast milli húsa.	Ræða á starfsmannafundi í janúar ár hvert	Vikuáætlun o.fl birt á Facebook síðu. Á Karelleð sést mæting barna.
Starfsfólk þarf að bæta sig í samvinnu við foreldra (5.3).	Leikskóla stjóri og deildarstjórar	Alltaf í gangi	Þjóða foreldrum oftast í kaffi, taka upp myndbönd og sýna t.d. í foreldrakaffi.	Ræða á starfsmannafundi í október ár hvert	Mikið af myndum birt í facebook-hópum. Ekki hægt að þjóða í kaffi vegna Covid.
6.2 A: Upplýsa þarf starfsfólk um fjárveitingu og hvernig hún er nýtt til stuðnings við uppeldis- og menntastarfið.	Leikskóla stjóri	Á hverju ári	Gera upplýsingar úr bókhaldi sýnilegar starfsfólki í upphafi hvers fjárhagsárs svo það geti séð hvernig fjárveiting hefur verið nýtt og hvaða fjármagni er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.	Ræða á starfsmannafundi í febrúar ár hvert.	Var ekki gert
6.3 A: Styðja betur við nýtt starfsfólk, sýna húsnæði, námsgögn, starfsmannahandbók o.þ.h.	Leikskóla stjóri og deildarstjórar	Alltaf í gangi	Ræða á deildarstjórafundum hvernig við tökum á móti nýjum starfsmanni og hafa á hreinu hver sýnir honum hvað.	Ræða í starfsviðtali eftir 3 mán. í vinnu og á deildarstjórafundi í upphafi starfsárs.	Rætt í starfsmannasamtali en ekki á deildarstjórafundi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hven ær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða máls
6.4 B: Upplýsa starfsfólk um stefnu leikskólans/sveitarfélagsins í starfsþróun.	Leikskóla stjóri	Nóv. ár hvert	Hafa starfsáætlun leikskólans aðgengilegri fyrir starfsfólk, en þar er símenntunaráætlun leikskólans birt.	Ræða á starfsmannafundi í janúar ár hvert	Áætlunin aðgengileg á sameign og útprentað eintak í hvoru húsi.
1.1.A. Fara eftir niðurstöðum innra mats			Gera áætlun í framhaldi af matinu og endurmeta reglulega. Hafa þróunaráætlunina aðgengilega og virka.	Ræða reglulega á fundum.	Var ekki gert
1.1.A. Einfalda orðalag í mati			Tengja matið meira við okkar námskrá = útbúa gæðagreina út frá okkar áherslum. Stofna faghóp til að sinna þessu verkefni og finna tíma til að framkvæma það.	Hópurinn metur árangur í lok hvers skólaárs	Orðalag gg 2,3, 2.5, 1.1, 1.2 og 3.2 var lagað að okkar áherslum
Bæta aðstöðu fyrir stuðningskennslu.	Leikskóla stjóri	Haust 2017	Það þarf að fá herbergi þar sem efni til stuðningskennslu er við hendina og þar sé hægt að vera í næði. Það þarf stærra húsnæði.		Skrifstofa skólastjóra og kaffi-stofa eru nýttar 2021-2022
1.2.F. 1.5. 2.3.Fá aukið rými fyrir sérkennslu, skapandi starf, upplýsingatækni, undirbúning, viðtöl við foreldra	Allt starfsfólk	Við lok hönnunarvinnu	Hafa í huga þegar hannað verður framtíðarhúsnæði.	Ræða í tenglum við vinnu við hönnun húsnæðis	Teikningum hefur verið breytt að einhverju leiti eftir ábendingum starfsfólks
1.4.I Bæta hljóðvist, draga úr hávaða			Ath. Hvort hægt er að fá hljóðdempun.		
2.3.H. Áætla tíma til að fylgjast með framförum barnanna.	Leikskóla stjóri og deildarstjórar	Alltaf í gangi	Vinna TRAS á deildarfundum. Setja inn aukafundi ef þarf. Vera vakandi fyrir tækifæri til að funda.	Ræða reglulega á deildarstjórafundum.	Fundum hefur fjölgað, voru 13 fyrir hverja deild á skólaárinu

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hven ær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða máls
6.3. C: Sinna börnum með framburðarfrá-vik og/eða tvítyngd	Leikskóla stjóri	Alltaf í gangi	Ákveðinn kennari hefur umsjón með sérkennslu. Gera þarf ráð fyrir tíma til að sinna stuðningi og utanumhaldi og aðstöðu.		Er í föstum skorðum 2021-2022
Fara fleiri ferðir á bókasafnið. (5.4)	Kennarar	Alltaf í gangi	Fá upplýsingar um hvenær er möguleiki að koma með hóp. Fá að koma með hóp þó bókasafnsvörður sé ekki við.	Ræða á starfsmann afundi haust 2019	
Nýta skóginn reglulega (5.4)	Kennarar	Alltaf í gangi	Hópstjórar setji skógarferðir inn í skipulag hópstarfsins. Nýta leikskólavalið til að auðvelda kennurum að fara með lítinn hóp.	Ræða á deildarstjór afundi í janúar	Óreglulegar ferðir
1.5 Fá sérkennslustjóra sem gæti greint börn og leiðbeint starfsfólki	Leikskóla stjóri	Alltaf í gangi	Ákveðið starfshlutfall sé áætlað í þetta.		Gert er ráð fyrir tíma fyrir starfsmenn sem sinna sérkennslu
3.3. Fækka börnum á hvern starfsmann svo hægt sé að sinna hverju barni betur.			Breyta barngildaviðmiðum.		Færri börn eru á hvern starfsmann á elstu deild vegna lítills húsnæðis
6.2. C: Afla hugmynda frá foreldrum við kaup á námsgögnum	Leikskóla stjóri	Í lok hvers skóla-árs	Ræða um námsgögn og áherslur leikskólans við stjórn foreldrafélags.	Í lok skóla	Var ekki gert 2021-2022
Auka samstarf við foreldra	kennarar	Júní 2022	Bjóða foreldrum í kaffi eða annan hitting, t.d. í tengslum við sumarhátíð	Staðfesta í lok skólaárs	Foreldra-kaffi var haldið á undan sumarhátíð.

Eftirfylgni/Endurmat umbótaáætlunar

Umbótaáætlunin er endurmetin reglulega yfir starfsárið og reynt að gæta að því að taka fyrir þá þætti sem áætlunin segir til um á þeim tíma sem áætlað er. Það gengur þó ekki alltaf eftir enda má ekki mikið útaf bregða í fundahaldi og dagskrá funda til þess að áætlanir raskist. Á síðasta vetri gekk ekki vel að halda dampi með innra matið og umbótaáætlunina þar sem önnur verkefni tóku yfir tímann. Má þar nefna vinnu við Öryggishandbók, mat og umræður um teikningar af skólamannvirkjum og ytra matið og umbótaáætlun vegna þess.

Mat á starfsáætlun 2021-2022

Leikskólastjóri og deildarstjórar fóru yfir áætlunina og lögðu mat á stöðuna.

Eftirfarandi þættir hafa breyst, bæst við eða farið á annan veg en áætlunin gerði ráð fyrir.

Kafli 3.1 Stærð og einkenni

Í mars var tekin í notkun viðbót við Reyniland með því að innréttuð var suðurhluti hússins, um 70 fm að flatarmáli. Bættust þá við rými fyrir 5 börn og undirbúningsaðstaða starfsfólks þar batnaði til muna.

Kafli 3.2 Leikskólalóð

Leiksvæðið við Reyniland stækkaði um 95 fm þegar girðingin var færð til suðurs í vor, en leiktækin sem áttu að koma þar eru ekki komin ennþá.

Kafli 3.4 Nauðsynlegt viðhald og endurbætur

Engar úrbætur hafa verið gerðar í Furulandi og ekki eru komnir samtengdir reykskynjarar í Birkilund. Skrifstofa leikskólastjóra er enn nýtt sem aðstaða fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og stuðning við þau. Þarf leikskólastjóri því reglulega að víkja þaðan og finna sér annað vinnurými. Fengin var öflugri þvottavél auk þess sem þvottavél og þurrkari bættust við á Reynilandi og anna þessi tæki vel þeim þvotti sem þarf að fara í gegn daglega. Auk þess kom nýr þurrkskápur í Birkilund. Með viðbótinni á Reynilandi kom líka þurrkskápur þangað sem ekki hafði verið. Þakrennur á Furulandi eru enn í ólagi og engin fúavörn var borin á húsin í sumar.

Kafli 4. Fæðismál

Matráður Varmahlíðarskóla, sem ráðinn var frá 1. janúar, eldaði fyrir leikskólann í júní þannig að ekki þurfti að ráða sérstaklega inn matráð í júní eins síðustu ár og vorum við því laus við þær reddingar. Matráður leikskólans sá um að elda fyrstu dagana í ágúst, í haust-, jóla-, vetrar- og páskafríi og síðustu vikuna fyrir sumarlokun, alls 20 daga.

Kafli 5.1 Barnafjöldi

Eitt barn hætti í lok nóvember og tvö í lok desember. Af þeim sökum fluttust tvö börn af Kvistalandi á Könglaland um áramót, tvö börn af Reynilandi á Kvistaland og þrjú börn fædd 2020 byrjuðu á Reynilandi í janúar. Í mars bættust svo fjögur börn til viðbótar á Reyniland, tvö fædd 2020 og tvö fædd 2021. Voru þá seldir tímar í leikskólanum orðnir 315.

Kafli 6. Starfsmannahald

Starfsmaður í 87,3% starfi var í veikindaleyfi frá því seinni partinn í júní og fram undir lok september. Eftir það tók viðkomandi orlof í fjórar vikur og kom til starfa síðast í október. Ekki tókst að fá afleysingastarfsmann á þeim tíma nema að litlu leiti og var bilið brúað með yfirvinnu fastráðinna starfsmenn eftir því sem tók voru á. Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Reynilandi flutti matráður sig til í starfi og fór í 100% starf á Reynilandi frá 1. mars auk þess sem tveir aðrir starfsmenn juku aðeins við starfshlutfall til að dekka það sem þurfti. Var þetta aukning upp á 1,15 stöðugildi. Ekki tókst að fá matráð til starfa fyrr en 1. júní. Voru því ýmiskonar reddingar fram að því, ýmist varð starfsfólk sem fyrir var að vinna það í yfirvinnu eða afleysingastarfsfólk tímabundið. Þessu til viðbótar voru töluverðar fjarvistir vegna veikinda, fyrst á haustdögum vegna flensu og á vordögum vegna Covid-19. Einn starfsmaður í 77% starfi fór í veikindaleyfi í apríl og síðan fæðingarorlof. Afleysingastarfsmaður fyrir hann kom til starfa í 100% starf í maí og var fram að sumarleyfi. Á þess skólaári var erfitt að fá utanaðkomandi afleysingu, m.a. vegna Covid-19, og unnu fastráðnir starfsmenn töluverða yfirvinnu af þeim sökum. Mönnun leikskólans er ekki meiri en svo að yfirleitt þarf að kalla út aukastarfsmann hluta úr degi fyrir hvern þann sem er fjarverandi nema ef svo vill til að einnig vantar börn þannig að hægt sé að komast af með færri starfsmenn. Það dugir þó ekki þegar einungis tveir starfsmenn eiga að vera á deildinni. Því var meira álag á fastráðnum starfsmönnum þetta skólaár en oft áður.+

Kafli 7.1 SMT

SET listi var ekki lagður fyrir og hætt var notkun á umbunarteygjum.

Kafli 7.7 Námskrá

Ekkert var unnið við endurskoðnun skólanámskrárinnar þetta skólaárið.

Kafli 8. Skólastarfið

Jólaball voru haldin fyrir hvort hús án þátttöku foreldra. Í Birkilundi var ballið úti en á Reynilandi var það inni. Jólasveinarnir létu sig ekki vanta þrátt fyrir allt. Foreldrum var boðið í kaffi í júní, eftir að fjarlægðartakmarkanir höfðu verið felldar úr gildi og veikindahrina var gengin yfir.

Kafli 8.1.6 Vettvangsferðir í rútu

Farin var ein ferð í apríl með elsta árgang leikskólans á leiksýningu í íþróttahúsinu á Sauðárkrók og heimsókn í leikskólann Ársali. Var þá eingögnu notast við þann öryggisbúnað sem var í bílnum.

Kafli 9.1 Gaman saman

Vegna samkomutakmarkana varð minna úr samstarfi Birkilundar og Varmahlíðarskóla en til stóð. Margar heimsóknir féllu niður og einnig sameiginlegar kennslustundir. Á rúmri viku í maí var komið á 5 heimsóknum milli leik- og grunnskóla til að bæta aðeins upp fyrir veturinn. Það var full mikið á stuttum tíma en þó gaman að geta gert eitthvað saman.

SMT – Set listinn

Set listi var ekki lagður fyrir í Birkilundi þetta skólaár.

Skólapúlsinn

Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár að jafnaði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra skóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast

staðalnúmer (stanines). Staðalnúmer eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalnúmervarða telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Skólapúlsinn starfsmenn

Samræmd starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Birkilundi í mars 2022. Almenni hluti könnunarinnar er sameiginlegur öðrum könnunum en hann er mælir mikilvæga sálfélagslega þætti á vinnustöðum. Til viðbótar almenna hlutanum eru starfsmenn sem starfa með börnum á deild beðnir um að gefa upplýsingar um 20 þætti til viðbótar. Öllum starfsmönnum fyrir utan leikskólastjóra er boðin þátttaka í könnuninni. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl. Viðmiðunarhópin myndu allir leikskólar sem tóku þátt í könnuninni en leikskólarnir eru ólíkir að gerð og staðsetningu. Svarhlutfall var 93,3% en samtals svöruðu 14 starfsmenn könnuninni.

Könnuninni er skipt upp í sjö efnisflokkka. Fyrstu fjórir þættirnir tilheyra almenna hlutanum. Þeir eru: *starfið*, *starfsmenn*, *vinnustaðurinn* og *stjórnun*. Sérteki hluti könnunarinnar samanstendur af þremur þáttum. Þeir eru: *uppeldi og menntun*, *símenntun og undirbúningstími* og *opnar spurningar*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismörgum matsþáttum.

Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,7	14	0	5,1	1.492	-1,4*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,8	14	-0,9	5,3	1.489	-0,5
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,8	14	0,1	4,6	1.489	-0,8*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,1	14	-1,4	5,1	1.491	-1

Í flokknum *starfið* kemur fram að *vinnuálag* mælist marktækt lægra en landsmeðaltal, munurinn telst vera mikill. Starfsfólk Birkilundar hefur minni yfirsýn og skilning á *skýrleika hlutverks* þeirra í starfi heldur en í síðustu könnun og einnig miðað við starfsfólk í viðmiðunarskólunum. Í matsþættinum *ágreiningur um hlutverk* eru starfsmenn beðnir um að svara þremur spurningum sem snúa að verklagi og úrræðum. Þessi matsþáttur mælist marktækt lægri en hjá viðmiðunarskólunum. Hluti starfsfólks í Birkilundi lítur *starf sitt og*

áskoranir í starfi ekki jafn jákvæðum augum og í síðustu könnun og jákvæðnin mælist mun minni en hjá starfsfólki í viðmiðunarskólunum.

Starfsmenn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	14	0,9	4,8	1.461	0,5
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4	14	-1,7	5	1.461	-1
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,2	14	0,3	4,8	1.459	-0,6*

Í matsþættinum *starfsmenn* eru starfsmenn meðal annars beðnir um að meta *leikni sína í starfi*, færni, afköst og gæði framlags þeirra í starfi. Í Birkilundi mælist þessi þáttur hærri en í viðmiðunarskólunum, og hann hefur einnig hækkað mikið frá síðustu könnun. Matsþátturinn, *skuldbinding starfsfólks til vinnustaðarins*, mælist lægri en hjá viðmiðunarskólunum. Einhverjum starfsmanni finnst sín gildi ekki samræmast gildum vinnustaðarins og að vinnustaðurinn veiti ekki hvatningu til að standa sig vel í starfi. Í matsþættinum *skörun vinnu og einkalífs* eru starfsmenn spurðir hvort *kröfurnar í vinnunni trufli heimilis- og fjölskyldulíf* þeirra. Sem dæmi má nefna að í svörum þeirra kemur m.a. fram að um 93% þeirra segja að *kröfurnar í vinnunni trufli heimilis- og fjölskyldulífið ýmist mjög sjaldan eða aldrei eða fremur sjaldan*, til samanburðar er hlutfall svara starfsfólks viðmiðunarskólana 68% í sömu svarmöguleikum.

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,9	14	-1,4	5,1	1.451	-0,2
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	2,4	14	-	4,8	1.404	-2,4*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,5	14	-0,6	5,4	1.441	0,1
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,3	14	-1,6	5,3	1.439	-1,0*
3.5. Mismunur	4,1	14	0,2	4,8	1.436	-0,7*
3.6. Einelti (þú)	0%	0/14	-	4,50%	65/1442	-4,50%
3.7. Einelti (annar en þú)	0%	0/14	-	12,30%	175/1420	-12,30%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/14	-	5,90%	84/1420	-5,90%

Í flokknum *vinnustaðurinn* kemur fram að *starfsandi* mælist töluvert lægri en í síðustu könnun og aðeins undir landsmeðaltali. Einhverjum finnst starfsandinn fremur lítið hvetjandi og styðjandi, nokkuð einkennast af tortryggni og vantrausti og fremur lítið afslappaður og þægilegur. Ánægja með vinnuaðstöðuna er marktækt undir landsmeðaltali og telst munurinn mikill. 85,7% starfsmanna er mjög eða frekar óánægður með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum. Starfsfólk í Birkilundi upplifir örlítið meiri *stuðning frá samstarfsfólki* heldur en starfsfólk í viðmiðunarskólunum en mun minni en í síðustu könnun. Allt starfsfólk telur sig geta fengið stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki sínu og 93% starfsmanna telja

samstarfsfólk sitt vilja hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni. Niðurstöður mælinga í matsþættinum *stuðningur við nýsköpun* eru marktækt undir landsmeðaltali og telst munurinn vera töluverður. Einnig hefur þessi þáttur lækkað mikið frá síðustu könnun. Einungis 57% starfsmanna telja að starfsfólk sýni frumkvæði, 57% telja að starfsfólk sé hvatt til að koma með tillögur til úrbóta á vinnustaðnum og 88,6% telja samskipti í góðu lagi á sinni deild. Í matsþættinum *mismunur* eru starfsmenn spurðir að því hvort þeir hafi tekið eftir mismunurinn í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustað eða mismunurinn í framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum. Í Birkilundi mælist þessi þáttur töluvert undir landsmeðaltali, þ.e. marktækt færri starfsmenn telja mismunurinn eiga sér stað miðað við í viðmiðunarskólunum. Starfsfólk Birkilundar segist hvorki hafa orðið fyrir *einelti eða áreitni* á vinnustaðnum né hafa séð tvo eða fleiri starfsmenn verið lagða í *einelti eða orðið fyrir áreitni* á vinnustaðnum undanfarna sex mánuði.

Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,1	14	-1	5,5	1.420	-0,4
4.2. Sanngjörn forysta	5,1	14	-0,6	5,4	1.417	-0,3
4.3. Valdeflandi forysta	5,1	14	-0,9	5,8	1.409	-0,7
4.4. Ræktun mannaúðs	3,6	14	-1,2	5,4	1.415	-1,8*

Í þættinum *stjórnun* mælast allir þættir undir landsmeðaltali. Þátturinn *stuðningur frá næsta yfirmanni* mælist mun lægri en í síðustu könnun. Í þeim matsþætti eru starfsmenn spurðir þriggja spurninga um hversu oft eða sjaldan þeir upplifa stuðning frá sínum næsta yfirmanni. Sem dæmi má nefna að 92,9% starfsmanna segja að þeir geti fengið stuðning og aðstoð frá sínum næsta yfirmanni ef á þarf að halda ýmist *mjög oft eða alltaf* eða *fremur oft*. Allir starfsmenn segja að næsti yfirmaður meti vinnuframlag þeirra að verðleikum. 78,5% telja næsta yfirmann fúsan til að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni. Matsþátturinn *sanngjörn forysta* mælist nokkuð lægri en í síðustu könnun. Þar telja 85,7% starfsmanna að næsti yfirmaður úthluti verkefnum á hlutlausn og réttlátan hátt, 92,9% starfsmanna segja að næsti yfirmaður komi fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði og 92,9% starfsmanna telja að samband sitt við næsta yfirmann valdi þeim fremur eða mjög sjaldan streytu. Í matsþættinum *valdeflandi forysta* mælist Birkilundur undir landsmeðaltali og einnig mun lægri en í síðustu könnun. Það eru 64,3% starfsmanna sem telja að næsti yfirmaður hvetji sig til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum og að láta vita ef viðkomandi er á annarri skoðun. Einungis 50% starfsmanna telja að næsti yfirmaður sinn hjápi sér fremur eða mjög oft til að auka færni sína

í starfi. Matsþátturinn *ræktun mannauðs* mælist fyrir neðan landsmeðaltal með miklum marktækum mun. Í þessum þætti er m.a. spurt hvort *stjórnendum á vinnustað sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólks* og fram kemur að um 69,2% starfsmanna svara ýmist *mjög oft eða alltaf* eða *fremur oft* en 23,1% starfsmanna svara mjög eða fremur sjaldan.

Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna	5,3	14	-0,3	5,1	1.498	0,2
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	5,7	14	0,2	4,7	1.493	1,0*
5.3. Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð	5,6	13	-0,2	5,4	1.469	0,2
5.4. Samstarf í leikskólanum	4,7	14	-1,4	5,4	1.470	-0,7
5.5. Virkar samræður um starfið	3,4	14	-0,9	5	1.345	-1,6*
5.6. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	4,7	14	-1,3	5,6	1.396	-0,9
5.7. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	69,20%	sep.13	32,90%	72,50%	783/1080	-3,30%
5.8. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	58,30%	7.des	12,90%	78,60%	1048/1333	-20,3%*
5.9. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	38,50%	maí.13	-21,50%	74,70%	965/1291	-36,2%*

Lykilþátturinn *uppeldi og menntun* tilheyrir sértæka hluta könnunarinnar. Matsþátturinn *trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna* mælist örlítið hærri en landsmeðaltal og örlítið lægri en í síðustu könnun. Matsþátturinn *trú á eigin getu við daglegt skipulag* mælist marktækt yfir landsmeðaltali og telst munurinn vera töluverður. Þessi þáttur mælist örlítið hærri en í síðustu könnun. Í matsþættinum *trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð* mælist jákvæður munur miðað við landsmeðaltal 0,2 stig sem telst lítill munur en þátturinn mælist örlítið lægri en í síðustu könnun. *Samstarf í leikskólanum* mælist undir landsmeðaltali og hefur einnig farið niður á við í svörum innan skólans á milli mælinga. Þó eru 92,9% starfsmanna mjög eða frekar sammála því að samstarf á deildum sé gott, 84,6% eru mjög eða frekar sammála því að samstarf milli deilda sé gott, 84,7% eru mjög eða frekar sammála því að deildarstjórar vinni saman og 92,3% eru mjög eða frekar sammála því að í leikskólanum sé samstarf alls starfsfólks gott. Matsþátturinn *virkar samræður um starfið* mælist marktækt undir landsmeðaltali og telst munurinn vera mikill. Þessi þáttur hefur jafnframt farið töluvert niður á við frá síðustu mælingu. *Virgni foreldra í leikskólastarfinu* að mati starfsfólks hefur farið niður á við séu niðurstöður innan skólans á milli ára skoðaðar og mælist einnig lægri en í viðmiðunarskólunum.

Hlutfall starfsmanna sem eru eru ýmist *frekar eða mjög sammála* því að *starfsfólk leikskólans hafi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans* hefur hækkað úr 36,4% í 69,2%. Hann

mælist þó enn undir landsmeðaltali. *Ánægja með stuðning við börn með sérþarfir* í Birkilundi hefur hækkað um 12,9% en er þó marktækt langt undir landsmeðaltali.

Um 38,5% starfsmanna segjast fá *nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir í leikskólanum* og mælist sú niðurstaða í Birkilundi rúmum 36 prósentustigum lægri en í viðmiðunarskólunum. Sé skoðuð breyting á milli mælinga innan skólans hefur svörun þeirra sem segjast fá nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir lækkað úr 60% árið 2020 í 38,5%.

Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	100,00%	13	0,00%	85,20%	1014/1190	14,80%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	83,30%	10.des	-16,70%	75,70%	743/981	7,60%
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	23,10%	mar.13	-13,30%	38,40%	545/1421	-15,30%
6.4. Starfsþróunarsamtal á sl. 12 mánuðum	100,00%	14	54,50%	57,90%	835/1443	42,1%*
6.5. Símenntunarpörf starfsfólks	3,8	14	-0,9	4,2	1.333	-0,4
6.6. Símenntunarpörf starfsfólks (annað)	-	2	-	-	-	-
6.7. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	78,60%	nóv.14	14,90%	54,90%	773/1407	23,70%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks	63,60%	7.nóv	6,50%	41,70%	265/636	21,90%
6.9. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	3	-	-	-	-

Í flokknum *símenntun og undirbúningstími* er hlutfall þeirra starfsmanna sem fær undirbúningstíma 100% en 83,3% telja sig fá *nægan undirbúningstíma*. Það er í báðum tilvikum mun hærra en landsmeðaltalið þó munurinn teljist ekki marktækur. *Þátttaka í þróunarstarfi* mælist 15,3% lægri hjá starfsfólki í Birkilundi en landsmeðaltalið. Allir starfsmenn Birkilundar hafa farið í *starfsþróunarsamtal* á sl. 12 mánuðum og telst munurinn 42,1% marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. *Þörf starfsfólks fyrir símenntun* mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum en 78,6% starfsmanna Birkilundar hefði viljað fá *meiri símenntun* undanfarið starfsár og hefur sú þörf aukist frá síðustu könnun. Hindranir í símenntun mælast 6,5% hærri en í síðustu könnun og 21,9% hærri en landsmeðaltal. 72,7% starfsmanna telja of lítið svigrúm vegna vinnutíma, 45,5% segja of dýrt að taka þátt í símenntun og 27,3% segja það nokkra hindrun að ekki voru í boði neinir áhugaverðir kostir.

Ytra mat, umbótaáætlun

Menntamálastofnun framkvæmdi ytra mat í leikskólanum Birkilundi í byrjun nóvember. Í framhaldi af því var gerð umbótaáætlan fyrir þá þætti sem athugasemdir voru gerðar við.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹

Fjölga kennara- menntuðum starfsmönnum	Hvetja ófaglært starfsfólk til að læra meira	Alltaf í gangi		Leikskólastjóri	Í starfsmanna- samtölum í okt/nóv ár hvert
Fá húsnæði sem uppfyllir kröfur	Hanna og standsetja nýtt húsnæði	Er í vinnslu	Ágúst 2024	Leikskólastjóri/ Verkefnastjórn	Á starfsmannafundi í sept. 2024

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið II – Stjórnun

Endurskoða skólanámskrá	Ljúka umritun námskrárinnar. Bæta þar inn hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við mennta- og lestrarstefnu Skagafjarðar. Þar verði einnig gerð grein fyrir sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla, og nánari umfjöllun um ýmsa þætti varðandi innra mat leikskólans.	Er í vinnslu	Nóv. 2022	Leik- skóla- stjóri	Í jan 2023 á starfs manna fundi
Starfsáætlun unnin í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn	Við teljum að áætlunin sé unnin í samvinnu við kennara, annað starfsfólk og foreldra. Þurfum að finna leið til að vinna áætlunina í samvinnu við börnin.	Sept. 2022.	Okt. 2022	Leik- skóla- stjóri og deildar stjórar	Á starfs manna fundi í nóv. 2022.
Endurskoða starfsmannahandbók	Ljúka endurskoðun	Er í vinnslu	Sept. 2022	Leik- skóla- stjóri	Á starfs manna fundi í okt. 2022.

Bæta upplýsinga-streymi innan leikskólans	Með Karellen er hægt að fylgjast með mætingu á aðrar deildir. Þurfum að finna leiðir til að miðla öðrum upplýsingum jafn óðum og þær berast.	Er í vinnslu	Júní 2023	Leik-skóla-stjóri og deildarstjórar	Á starfsmanna fundi í júní 2023.
Skrá fundargerðir á deildafundum	Deildarstjórar sjá til þess að fundargerð sé skráð á deildafundum. Afrit af fundargerðinni skal leggja fram á viðkomandi deild og skila til leikskólastjóra.	Ágúst 2022	Í október 2022.	Deildarstjórar	Í innra mati í nóvember 2022
Gera verkferla fyrir móttöku og handleiðslu nýs starfsfólks.	Í starfsmanna-handbók, sem er í endurskoðun, er kafli um móttöku nýs starfsfólks.	Er í vinnslu	Sept. 2022	Leik-skóla-stjóri	Á starfsmanna fundi í okt. 2022.
Styrkja leikskólastjóra sem faglegan leiðtoga	Efla þarf deildarstjóra og sjálfstæði deilda með rýmra mannhaldi svo leikskólastjóri hafi meiri tíma til að sinna faglegri leiðsögn.	Ágúst 2022	Júní 2024	Leik-skóla-stjóri	Í innra mati í okt. 2024.
Vinna verklags-reglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.	Í Öryggishandbók, sem unnin var síðastliðið haust, er áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegrar hegðunar			Leik-skóla-stjóri	Lokið í janúar 2022.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið III – Uppeldis og menntastarf

Bæta aðgengi yngstu barna að leikföngum	Fá aukið rými þar sem mögulegt er að hafa meira aðgengi	Er í vinnslu	Mars 2022	Leikskóla-stjóri Rekstrar-aðili	Júní 2022. Rætt á starfsmannafundi.
Auka lýðræðis-þátttöku barna	Leyfa börnunum að taka þátt í vali á leikföngum. Reglulegir fundir með börnunum til að ákveða hvað unnið er með.	Ágúst 2022	Júní 2023	Deildarstjórar	Á starfsmannafundi júní 2023.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hven ær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðar aðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	---------------	--------------	-------------------	--------------------------

Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð geri sér starfsáætlun og vinnureglur, skrái fundargerðir og hafi þær aðgengilegar t.d. á heimasíðu	Leikskólastjóri vinnur áætlun og vinnureglur með forleraráði og sér til þess að fundargerðir séu gerðar aðgengilegar.	Septembar 2022	Janúar 2023	Leikskólastjóri	Júní 2023
Hafa upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum	Hafa þetta í huga við uppsetningu nýrrar heimasíðu.	Er í vinnslu	Jan. 2023	Leikskólastjóri	Mars 2023. Sannreyna hvort upplýsingarnar eru aðgengilegar.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hven ær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraði li/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	---------------	--------------	-------------------	--------------------------

Svið V – Skóli án aðgreiningar

Gera skipulag sérkennslu skriflegt	Setja inn í starfsáætlun hvernig skipulagi sérkennslu er hátað.	Haust 2022	Nóv. 2022	Leikskólastjóri	Nóv. 2022 með yfirlestri á starfsáætlun
Gera skriflega verkferla sem unnið er eftir komi upp grunur um þroskafrávik	Skrá verkferla í samráði við þá sérfræðinga sem við höfum aðgang að og hafa þá aðgengilega öllu starfsfólki.	Ágúst 2022	Jan. 2023	Leikskólastjóri	Í innra mati í feb. 2023.
Tryggja að skipulagður tími talmeinafræðings haldist.	Semja við talmeinafræðing í upphafi skólaárs um mánaðarlegar heimsóknir. Gera samantekt í lok skólaársins á því hvernig áætlunin stóðst og nota niðurstöðuna við skipulag næsta skólaárs.	Ágúst 2022	Júní 2023	Leikskólastjóri	Í júní 2023 verður skoðað hvort áætlunin hafi gengið eftir
Bæta aðstöðu sérkennslu	Tryggja að í nýju húsnæði sé rými fyrir sérkennslu.	Er í vinnslu	Í ágúst 2024	Leikskólastjóri	Endurmeta þegar starfssemi er komin í gang í nýju húsi.
Veita starfsfólki ráðgjöf og stuðning sem það þarf til að sinna öllum börnum	Nýta sérfræðinga sveitarfélagsins til þess að fá ráð varðandi einstök börn. Þjóða upp á fjölbreytt námskeið til að efla starfsfólk á sem flestum sviðum.	Alltaf í gangi		Leikskólastjóri	Metið reglulega í innra mati leikskólans.

Útbúa verkferla varðandi börn með annað móðurmál en íslensku	Vinna verkferla í samvinnu við aðra leikskólastjóra sveitarfélagsins og þá sérfræðinga sem við höfum aðgang að.	Sept. 2022	Mars 2023	Leikskólastjóri	Á starfsmannafundi í apríl 2023
--	---	------------	-----------	-----------------	---------------------------------

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið VI – Innra mat

Allir hagsmunahópar taki þátt í að ákveða áherslur og skipulag innra mats.	Skipa innra mats teymi með fulltrúum allra hagsmunahópa og nýta það til að skipuleggja matið	Ágúst 2022	Júní 2023	Leikskólastjóri	September 2023 við vinnslu sjálfsmatsskýrslu.
Huga þarf að þátttöku barna í innra mati.	Finna þarf leiðir til að gefa börnum tækifæri til að taka þátt í innra mati, m.a. er þróunarvinna í gangi á vegum Skólapúlsins	Ágúst 2022	Júní 2023	Leikskólastjóri	September 2023 við vinnslu sjálfsmatsskýrslu.
Í greinargerð um innra mat skal fjalla um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.	Bæta inn í sjálfsmatsskýrslu umfjöllun um markmiðin og að hve miklu leyti þau hafa náðst.		September 2022	Leikskólastjóri	September 2022 við vinnslu sjálfsmatsskýrslu.
Tímasetja þarf umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.	Fullgera umbótaáætlun þannig að þar komi fram hver ber ábyrgð og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.	Er í vinnslu	Er uppfært reglulega í tengslum við innra mat.	Leikskólastjóri	Er metið reglulega í vinnu við innra matið allt árið.
Kynna þarf starfsfólki umbótaáætlun leikskólans	Gera áætlun að hausti um framvindu innra mats og endurmat umbótaáætlunar.	Sept 2022	Júní 2023	Leikskólastjóri og innra mats teymi.	September 2023 við vinnslu sjálfsmatsskýrslu.

Áætlun um sjálfsmat 2021-2024

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með bleikum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Haustönn			
	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf
	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna
	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun
Október	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
Nóvember	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun
Vorönn			
	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun
	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar
Febrúar	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Mars		Foreldrakönnun Skólapúlsins	

Viðauki 1 Einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?*

Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
Mjög gott	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
Gott	Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Fullnægjandi	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að veða þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
Slakt	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
Ófullnægjandi	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.